

**Sp. 479. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]**

um stofnun landsnefndar til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að því, að komið verði á fót landsnefnd til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar helstu fjöldasamtaka í landinu. Nefndin skal einnig gera tillögur um það, hvernig Íslendingar geti best orðið við tilmælum Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku. Nefndin hafi enn fremur það hlutverk að kynna íslensku þjóðinni ástand og þróun mála í Suður-Afríku og þær hörmungar, sem kynþáttaaðskilnaðarstefna (Apartheid) stjórnvalda þar hefur leitt yfir þorra suður-afrísku þjóðarinnar, svo og að kynna og fræða um stöðu Namibíu og þá sjálfstæðisbaráttu, sem þar er nú háð gegn ólöglegum yfirráðum Suður-Afríku yfir landinu.

**Greinargerð.**

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur helgað árið 1982 eflingu refsiaðgerða gegn kynþáttahatusstjórn Suður-Afríku. Meginástæður fyrir þessari samþykkt Allsherjarþingsins eru einkum:

Í fyrsta lagi að reyna að hafa áhrif í þá átt að uppræta kynþáttahatusstefnu ríkisstjórnar Suður-Afríku og í öðru lagi að þvinga Suður-Afríku til að sleppa þeim tókum sem landið

hefur á nágrennaríkinu Namibíu. Meðal þeirra ríkja, sem atkvæði greiddu gegn þessu á Allsherjarþinginu, voru Kanada, Frakkland, Bretland, V.-Pýskaland og Bandaríkin.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna starfar sérstök nefnd sem fjallar um mál er varða Apartheid-stefnu stjórnar Suður-Afríku. Þessi nefnd er venjulega kölluð sérstaka Apartheid-nefndin. Á hennar vegum hefur verið samin sérstök starfsáætlun vegna ársins í ár og hefur Allsherjarþingið samþykkt hana.

Þar eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hvött til að beita refsiaðgerðum og helst að leggja niður alla samvinnu við Suður-Afríku, hverju nafni sem nefnist. Minnt er á að sveitarstjórnir, félagasamtök og einkaaðilar geti gert eitt og annað til að láta í ljós andúd á Apartheid-stefnunni. M. a. er á það minnst, að fólk kaupi ekki vörur frá Suður-Afríku og afneiti öllum samskiptum við Suður-Afríku á sviði menningarmála, vísinda og íþróttar.

Í þessari starfsáætlun, sem Apartheid-nefndin hefur samið, eru löggjafarþing allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hvött til þess að helga sérstaka fundi tilefni þessa árs, og er þar bent sérstaklega á 21. mars, sem er alþjóðadagur helgaður **afnámi kynþáttamisréttis**.

Að mati flm. þessarar tillögu væri í senn sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi Íslendinga héldi slíkan fund fyrir þinglok í vetur.

Enn fremur er þess óskað í þessari starfsáætlun, að yfirvöld beiti sér fyrir því, að komið verði á fót landsnefndum til að auka skilning á hörmungum þeim sem Apartheid-stefnan hefur haft í för með sér.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt til að freista þess að hrinda því í framkvæmd, að hér á Íslandi verði sett á stofn landsnefnd til þess að kynna ástandið í Suður-Afríku og fylgjast með því, sem þar er að gerast, og samræma og efla starf einstaklinga og félagasamtaka er verða mætti til þess að draga úr eða lina þær þjáningar sem almenningur í Suður-Afríku verður að þola vegna stefnu núverandi stjórnar.

#### **Parísar-yfirlýsingin.**

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur sérstaklega hvatt til þess, að ríkisstjórnir reyni að framfylgja þeirri yfirlýsingu sem samþykkt var í París í maí í fyrra, í lok alþjóðlegrar ráðstefnu um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku.

Forseti þessarar ráðstefnu var utanríkisráðherra Tanzaníu, Salim A. Salim, og hana sóttu fulltrúar 122 ríkisstjórna, 15 sérstofnana Sameinuðu þjóðanna, fulltrúar 37 alþjóðasamtaka og 53 nefnda og samtaka sem starfa gegn Apartheid-stefnunni.

Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið þessa Parísar-yfirlýsingu um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku út sérprentaða, ásamt sérstakri yfirlýsingu varðandi Namibíu.

Salim A. Salim, fyrrv. forseti Allsherjarþingsins, skrifar formála að þessari útgáfu og lýkur honum með þessum orðum:

„Þjóðir Suður-Afríku og Namibíu og þjóðfrelshreyfingar þar munu öðlast frelsi. Skylda og hlutverk heimsbyggðarinnar er að veita þeim stuðning í réttmætri baráttu, draga þannig úr þjáningum og mannfalli á hinni óstöðvandi frelsisgöngu þeirra. Við verðum að höfða til allra ríkisstjórna, samtaka og þjóða heims, til að vinna að þessu markmiði og efla framkvæmd refsiaðgerða gegn Suður-Afríku í ljósi samþykktar þessarar ráðstefnu.

Við erum slegin óhug vegna samfellds glæpaferils hinna hvítu kynþáttahatara er stjórn Suður-Afríku. Okkur hefur ekki verið gert starf okkar auðveldara með þeirri andstöðu sem fram hefur komið hjá ýmsum fastafulltrúum í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og helstu viðskiptalöndum Suður-Afríku, sem hafa beitt sér gegn áhrifaríkum aðgerðum móti Suður-Afríkustjórn.

En það er hvorki reiði né uppgjöf sem hefur fengið okkur til þess í rúma tvo áratugi að hvetja til refsiaðgerða, heldur er það stuðningur okkar við frelsi, réttlæti og frið, við þá Suður-Afríku, þar sem allir munu lifa saman í sátt og samlyndi, og þá Suður-Afríku, sem

mun leggja af mörkum sinn réttmæta og gilda skerf til samvinnu og framþróunar í Afríku og í veröldinni.

Þessi ráðstefna er mikilvæg til að efla alþjóðlegan stuðning við frelsisbaráttuna í Afríku. Við skulum strengja þess heit að vinna í sameiningu að markmiðum okkar. Látum þessa Parísar-yfirlýsingu og hina sérstöku yfirlýsingu um Namibíu verða okkur hvatningu við það starf.“

**Parísar-yfirlýsingunni um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku lýkur með þessum orðum:**

„Ráðstefnan telur, að hinar kúguðu þjóðir Suður-Afríku og Namibíu og þjóðfrelsis-hreyfingar þar eigi skilið stuðning samfélags þjóðanna í lögmætri baráttu sinni. Það er skoðun ráðstefnunnar, að víðtækar refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku séu réttur og áhrifaríkur stuðningur til að auðvelda þjóðum Suður-Afríku og Namibíu að öðlast frelsi og til að binda endi á ofbeldi kynþáttamisréttisstefnunnar.

Ráðstefnunni er ljós brýn nauðsyn þess að virkja allar ríkisstjórnir og þjóðir til víðtækra refsiaðgerða gegn stjórn Suður-Afríku, svo og til þess að veita kúguðum þjóðum Suður-Afríku og Namibíu og þjóðfrelsinhreyfingum þeirra alla tiltæka aðstoð.

Ráðstefnan hvetur allar ríkisstjórnir og samtök, sem berjast fyrir frelsi og virðingu fyrir manngildinu, að berjast gegn öllum tilburðum til að styðja eða styrkja Apartheid-stjórnina. Ráðstefnan heitir á þessa aðila að samræma aðgerðir sínar í alþjóðlegu átaki víðtækra refsiaðgerða gegn Suður-Afríku í ljósi þeirra umræðna og ákvarðana sem átt hafa sér stað á þessari ráðstefnu.

Ráðstefnan lýsir ánægju með störf hinnar sérstöku Apartheid-nefndar Sameinuðu þjóðanna svo og annarra þeirra aðila er vinna gegn stefnu Suður-Afríkustjórnar á þessu sviði og vilja efla andstöðu gegn henni; þessum aðilum er öllum þakkað fyrir stuðning við víðtækar refsiaðgerðir gegn stjórn Suður-Afríku.

Ráðstefnan hvetur Sameinuðu þjóðirnar í samvinnu við einingarsamtök Afríku og í náinni samvinnu við þjóðfrelsinhreyfingarnar og önnur samtök að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að efla, tryggja og fylgjast með framkvæmd víðtækra refsiaðgerða gegn stjórn Suður-Afríku.

Ráðstefnan viðurkennir og metur að verðleikum forna og nýja baráttu þjóða Suður-Afríku og Namibíu til að binda endi á Apartheid-stefnuna og ólöglega stjórn Suður-Afríku á Namibíu, jafnframt því sem þessar hreyfingar hafa unnið að því að efla réttlæti, frelsi og sjálfstæði í löndum sínum. Það er umfram allt hugrekki og látlaus barátta þessara hreyfinga, sem hafa gert það kleift, að þessi ráðstefna var haldin, og skapað henni mikilvægi. Ráðstefnan svarar hinu göfuga kalli og viðleitni fjöðurlandsvina í Suður-Afríku og Namibíu og heitir ákaft á jafnt einstaklinga sem samtök að styðja viðleitni þeirra.“